



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

<b>Málshæiti og nr.</b>	Frumvarp til breytinga á búvörulögum – framleiðendafélög. MAR23060110.
<b>Ráðuneyti /verkefnisstjóri</b>	Matvælaráðuneytið
<b>Innleiðing EES-gerðar?</b>	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
<b>Dags.</b>	23. júní 2023.

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni

Á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar frá síðastliðnu hausti var sett inn frumvarp til laga um breytingar á búvörulögum sem veittu afurðastöðvum tiltekna undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga. Frumvarpinu var ætlað að styðja við endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu auk þess að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu. Á undanförmum árum hefur rekstur kjötafurðastöðva í landbúnaði verið erfiður, einkum þó í slátrun og vinnslu sauðfjárafurða. Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við efnistöð frumvarpsins í samráðsferli. Þar kom m.a. fram að Samkeppniseftirlitið teldi þá undanþágu sem lögð var til í frumvarpsdrögum mögulega fara gegn ákvæðum EES sammingsins. Auk þess gengi sú undanþága mun lengra en viðgangist í nágrannalöndum og hætta sé á að hagsmunir kjötafurðastöðva fari ekki saman við hagsmuni bænda. Í ljósi þeirra athugasemda sem bárust í framangreindu samráðsferli þótti ljóst að ekki væri tækt að leggja frumvarpið fram í þeirri mynd. Þess í stað var hafin vinna í ráðuneytinu við annað frumvarp með hliðsjón af þeim athugasemdum sem bárust í samráðferlinu. Það frumvarp sem er fyrirhugað að leggja fram mun heimila fyrirtækjum í meirihlutaeigu framleiðenda að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti líkt og tíðkast í nágrannalöndum. Einkum verður horft til reglna ESB og Noregs á þessu sviði. Með því verður stefnt að því að styrkja stöðu framleiðenda búvara og skapa tækifæri til aukinnar samvinnu og verðmætasköpunar. Tryggt verði að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og starfsemi en tíðkast í nágrannalöndum okkar.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Við blasir að mikil þörf er fyrir endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu og eru í því fólgnir umtalsverðir hagsmunir bæði neytenda og bænda.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi lög og reglur hafa ekki að geyma slík heimildarákvæði til handa framleiðendafélögum.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Íslenskur landbúnaður ásamt sjávarútvegi og fiskeldi er þungamiðja í innlendra matvælaframleiðslu. Lögð er áhersla á að búa þessari starfsemi samkeppnishæft umhverfi til að gera henni kleift að standa enn betur undir því fjölþætta hlutverki sem hún gegnir.

### 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmiðið er að stuðla að samkeppnishæfu umhverfi og skapa tækifæri til hagræðingar.

## C. Leiðir

**1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**

Óbreytt ástand, enn mun aukast þörfin á hagræðingu til hagsmuna fyrir bæði neytendur og bændur.

**2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið**

Á ekki við, þörf er á lagasetningu til að veita heimild til hagræðingar.

**3. Mögulegar leiðir við lagasetningu**

Ákvæði bætt við lögina sem heimilar fyrirtækjum í meirihlutaeigu framleiðenda að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti líkt og tíðkast í nágrannalöndum. Þá verður hugtakið framleiðendafélag skilgreint en leitað verður til fyrirmynda hvað það varðar í nágrannalöndum okkar.

**D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?**

**1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á búvörulögum nr. 99/1993 í því skyni að styrkja stöðu og samtakamátt frumframleiðenda búvöru og ýta undir samvinnu og hagræðingu í vinnslu og markaðssetningu búvöru. Markmið breytingarinnar er að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og starfsemi en tíðkast í nágrannalöndum okkar

**2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott**

Bætt verði við ákvæði í búvörulög nr. 99/1993 vegna málsins. |

**E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar**

**1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Nei.

**2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei.

**3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Samkeppnislög nr. 44/2005 sbr. umfjöllun í kafla A. |

**F. Samráð**

**1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Frumframleiðendur matvæla og neytendur

**2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Samkeppnislöggjöf sem heyrir undir menningar- og viðskiptaráðuneytið.

**3. Samráð sem þegar hefur farið fram**

Málið hefur verið til umræðu í nokkurn tíma milli ráðuneytis og helstu hagaðila og þá er tillaga að lagabreytingum gerð í skýrslu spretthóps vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu í júní 2022. Enn fremur var frumvarp vegna málsins sett í opið samráð árið 2022 sbr. umfjöllun í kafla A.

**4. Fyrirhugað samráð**

Samráð verður haft við helstu hagaðila og einnig á samráðsgátt stjórnvalda. |

**G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er**

**1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal**

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki kalla á aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þá er talið að frumvarpið hafi ekki áhrif á tekjur eða eignir ríkissjóðs.

**H. Næstu skref, innleiðing**

**1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**

Já.

**2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Ekki þörf á aðlögun aðila fyrir lagasetningu.

**3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Skýr heimild sem stuðlar að þeirri hagræðingu sem stefnt er að.

**4. Mælikvarðar á árangur og útkomu**

Fylgst með afkomu og þróun hjá framleiðendafélögum og frumframleiðendum.

**5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Já, gögnum er safnað reglulega sem ættu að sýna fram á þróunina.

**I. Annað**

**J. Fylgiskjöl**

**1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað**

**2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum**